

# Ljósglæta í málum geðsjúkra

Formaður Geðhjálpar fagnar samstarfsvilja félagsmálaráðherra í málefnum geðsjúkra. Hann vonar að sá tími sé liðinn að ráðuneyti fari í aðgerðir án samráðs við fólk. Ráðherra boðar átak í húsnæðismálum geðsjúkra og segir brýnt að hver og einn fái húsnæði við hæfi.

**FÉLAGSMÁL** „Þegar boðið er upp í dans sitjum við ekki á bekknum. Darna er sannarlega ljósglæta,“ segir Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, um orð félagsmálaráðherra á stofnfundi aðstandendahóps Geðhjálpar í húsnæði samtakanna við Túngötu í Reykjavík í gær. Ráðherra boðaði samráð um stefnumótun í málefnum geðsjúkra.

„Ég hlýtt að vera bjartsýnni en ég hef áður haft ástæðu til að vera,“ segir Sigursteinn, en ráðherra vísaði á fundinum til þess að ríkisstjórnin hefði ákveðið að verja á næstu fimm árum 1,5 milljörðum króna til uppbyggingar búsetu og endurhæfingar geðsjúkra.

Dá fagnar Sigursteinn sérstaklega formlegri stofnun hóps aðstandenda geðsjúkra, en húsfullir var á fundinum í gær. „Aðstandendur hafa leikið mjög mikilvægt hlutverk í geðhjálpinni undanfarin ár. Velferð geðsjúkra hefur einna helst verið og verður áfram, á könnu fjöskyldunnar, nánustu aðstandenda. Ég fagna því sérstaklega að þetta

sé komið í ákveðið form og er sannfærður um að hópurinn á eftir að skipta mjög miklu máli í hagsmunabaráttu geðsjúkra og aðstandenda þeirra.“

Sigursteinn segir húsnæðismál geðsjúkra eitt af mikilvægustu verkefnum sem taka þurfi á. „Þar hafa aðstandendur margir verið í mjög miklum erfiðleikum, bundnir yfir veikum ættingjum sínum á heimilum. Mjög brýnt er að úr því verði leyst og fundið húsnæði við hæfi hvers og eins, hvort sem það er sambýli eða annað búsetuform.“ Í framhaldinu segir hann svo að bæta þurfi þjónustu við einstaklingana, bæði hvað varði læknisfræði og félagslega þjónustu. Þá segir hann að styrkja verði aðstandendur til að þeir geti veitt geðsjúkum þá umönnun sem þeir þurfa á að halda. „Það hefur vantað algjörlega. En ef þetta þrennt verður í lagi í framhaldi af búsetuáráðum erum við komin í þá stöðu að við getum með einhverjum sanni sagt að málefni geðsjúkra séu að komast í viðunandi horf, en fyrr ekki.“



SIGURSTEINN MÁSSON Sigursteinn, sem er formaður Geðhjálpar, fagnar samstarfsvilja félagsmálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA Á FUNDINUM „FRAM Í DAGSLJÓSIÐ“ HJÁ GEÐHJÁLPI Árni Magnússon félagsmálaráðherra fagnaði í ræðu sinni í gær formlegri stofnun aðstandendahóps geðsjúkra og kvað hann verða mikilsverða viðbót við það góða starf sem unnið væri hjá Geðhjálpi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HLAKKAR TIL SAMSTARFSINS

■ Félagsmálaráðherra segist hafa áttað sig á bágrri stöðu geðsjúkra og aðstandenda þeirra.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra sagði nýja stefnu í málefnum geðsjúkra verða kynnta á næstu vikum og mánuðum. „Á vegum félagsmálaráðuneytisins er að störfum starfshópur og mun hann leita samstarfs víða, þar á meðal hjá Geðhjálpi,“ sagði ráðherra og bætti við að hann bæði hlakkaði til samstarfsins og sæktist eftir því. Í nýrri stefnu kvað hann sérstaklega verða tekið á málum tengdum búsetu geðsjúkra, með áherslu á að sem flestir kæmst í einkarými. „Viðræður sem ég hef átt við fólk síðustu misseri hafa sannfært mig um að átak sé þörf í málum þeirra sem stríða við langvarandi geðfötlun,“ sagði hann og kvaðst æ betur hafa gert sér grein fyrir bágrri stöðu geðsjúkra og aðstandenda þeirra. „Álagið bitnar ekki síður á aðstandendum en þeim sem veikir eru.“

- óká